

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Ísafjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í kaupstaðnum nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður hjá heilbrigðisnefnd og merktur á þann hátt, sem hún ákveður.
- b) Hundeigandi skal árlega greiða leyfisgjald fyrir hund sinn. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Skal gjaldið við það miðað að það standi undir kostnaði af hundahaldi bæjarbúa og kostnaði, sem bæjarfélagið kann að verða fyrir vegna hundsins.
- c) Minkaveiðihundur skal ávallt vera í öruggri gæslu.
- d) Hundeigandi skal hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns, er dýr hans kann að valda á mönnum og munum.
- e) Hundeigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun á auglýstum tíma hverju sinni. Skal hann þá framvísa vottorði um, að hundurinn sé tryggður og leyfisgjald greitt.
- f) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum húss. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sjúkrastofnanir, sundstaði, almenningsfarartæki né matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd.
- g) Hundahald í sambýlishúsum er háð því, að þeir eigendur eða umráðamenn íbúða, sem fyrir eru, samþykki slíkt, og skal lagt fram skriflegt samþykki þeirra, þegar sótt er um leyfi til hundahalds.
- h) Hundeiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrifa eftir dýrið.
- i) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varðar, svo og hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
- j) Ef breyting verður á eignarhaldi hunds, fellur undanþáguleyfið úr gildi, og ber að gera bæjarstjórn grein fyrir því.

#### 2. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum.

Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla leyfi, eitt eða fleiri, telji hún þess brýna þörf.

#### 3. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstaka hundageymslu á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 7 daga, meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kaupstaðarins.

Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 7 daga frá því, að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

## 4. gr.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd taka, að höfðu samráði við héraðsdýralækni, ákvörðun um það hvernig með skuli fara, sé talin ástæða til að aflífa hund.

## 5. gr.

Eftirlit með samþykkt þessari er í höndum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar.

## 6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, sem sett er með stoð í 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 370 frá 28. júlí 1975 um takmörkun hundahalds í Ísafjarðarkaupstað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. júlí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

Ingimar Sigurðsson.